

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Skráning samninga–

Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:

Gr. 14.11:

Greinin hljóðar svo:

“Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannasamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en “leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.”

Greinin hljóði svo:

“Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannasamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag skal sérstaklega kynna leikmanni skyldu sína til að láta skrá samningi innan mánaðar og benda honum á að slík skráning komi fram á heimasíðu KSÍ þegar hún hafi átt sér stað. Þessarar skyldu skal einnig getið í staðalsamningi KSÍ. Leikmanni skal heimilt að senda skrifstofu KSÍ afrit samnings til skráningar allt að tveimur mánuðum eftir undirskrift, enda hafi félag ekki skráð samning innan þess tíma. Hafi hvorki félag né leikmaður sent KSÍ afrit samnings til skráningar innan tilskilins frests, fellur samningurinn úr gildi.”

Greinargerð:

Sú réttarstaða sem komið getur upp samkvæmt núgildandi ákvæðum er þungbærari fyrir félög en unnt er að réttlæta. Þannig getur sú staða t.a.m. komið upp að félag þurfi að greiða leikmanni laun á undirbúningstímabili sem getur eftir eigin hentugleika skipt um félag skömmu fyrir keppnistímabil, að ekki sé talað um þá illþolanlegu óvissu fyrir félag sem felst í því að þurfa að bera kostnað af leikmanni sem hvenær sem er getur hlaupið frá borði og gengið til liðs við annað lið. Samkvæmt gildandi ákvæðum er enginn greinarmunur gerður á því að senda samning til skráningar einum degi of seint eða mánuðum eða árum síðar. Þannig getur afleiðingin fyrir félög af jafnvel minniháttar vangá verið afar íþyngjandi. Í ljósi þess að upplýsingatækniöld hefur fyrir nokkru haldið innreið sína og að KSÍ rekur ágætis heimasíðu sem tryggir gagnsæi í samningamálum, er eðlilegt að gera leikmenn meðábyrga fyrir skráningunni, enda hafa þeir hag af því að hún nái fram að ganga og að samningar þeirra haldi gildi. Því er í tillögunni gert ráð fyrir að ef félag vanrækir skyldu sína til skráningar, þá geti leikmaður sjálfur tryggt skráningu og þar með gildi samnings. Loks er gert ráð fyrir að ef hvorki félag né leikmaður tryggir skráningu samnings, falli hann úr gildi að öllu leyti og þar með réttindi og skyldur beggja samningsaðila.

Stjarnan